

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

11. nóvember 2025
UOS2510200/A.Ö.H

Efni: Umsögn - Matsskyldufyrirspurn – Framleiðsluaukning Orkugerðarinnar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matsskyldufyrirspurn.

Orkugerðin ehf. áformar að auka framleiðslugetuna úr 14.000 tonnum á ári, sem er í samræmi við núgildandi starfsleyfi, þannig að hægt sé að taka á móti 18.000 tonnum af sláturúrgangi á ári. Ekki er áformað að bæta við eða breyta búnaði verksmiðjunnar, heldur að lengja keyrslutíma núverandi búnaðar. Unnið er á sólarhringsvöktum fimm virka daga vikunnar og gera áformin ráð fyrir að unnið verði einnig um helgar til að auka afköst verksmiðjunnar.

Besta aðgengilega tækni

Í kafla 2.7 í skýrslunni kemur fram að fyrirtækið sé með starfsleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun og muni þurfa að sækja um breytingu á því vegna fyrirhugaðrar afkastaaukningar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að frá því að núgildandi starfsleyfi Orkugerðarinnar var gefið út hefur besta aðgengilega tækni fyrir starfsemi Orkugerðarinnar verið skilgreind í „*Best Available Techniques (BAT) Reference Document for Slaughterhouses, Animal By-products and/or Edible Co-products Industries*“, 2023 og BAT-niðurstöðum fyrir sláturhús, iðnað fyrir aukaafurðir úr dýrum og/eða ætar samafurðir.¹ Ákvæði í nýju starfsleyfi rekstraraðila munu vera í samræmi við bestu aðgengilegu tækni skv. reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft

¹ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2749 um að fastsetja niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópupingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, fyrir sláturhús og iðnað fyrir aukaafurðir úr dýrum og/eða ætar samafurðir sem hafa verið innleiddar með reglugerð nr. 935/2018.

getur í för með sér mengun. Því má gera ráð fyrir auknum kröfum til mengunarvarna og skilyrðum í nýju starfsleyfi í samræmi við í BAT niðurstöður.

Lyktarmengun

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ítrekað hafa borist kvartanir til stofnunarinnar og forvera hennar (Umhverfisstofnunar) vegna ólyktar frá starfseminni.

Ólykt getur talist mengun í skilningi laganna sbr. 6. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun ítrekar að halda skuli lyktarmengun og annarri loftmengun sem getur borist frá starfseminni í lágmarki, s.s. frá útblæstri eða geymslu sláturúrgangs sem bíður meðhöndlunar, þannig að það valdi ekki ónæði í samræmi við starfsleyfi og BAT.

Áhrif á vatnshlot

Líkt og líst er í köflum 2.4 og 3.4.3 endar fráveituvatnið frá starfseminni að megninu til í grunnvatnshlotinu Flóa (103-209-G). Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins eru að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að leyfisveitendur geta ekki gefið út leyfi nema að áhrifamat á vatn liggi fyrir og tryggt sé að leyfið sé í samræmi við stefnumörkun í vatnaáætlun² og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Rekstraraðili mun því þurfa að meta möguleg áhrif starfseminnar á vatn og hvort að umhverfismarkmið nærliggjandi vatnshlota munu nást áður en nýtt starfsleyfi yrði gefið út.

Gefnar hafa verið út leiðbeiningar fyrir *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*.³ Rekstraraðili þarf að meta möguleg áhrif (bein og óbein) á alla þá gæðapætti sem framkvæmdin eða starfsemin kann að hafa áhrif á. Ef talið er að áhrifin verði engin skal rökstyðja það.

Stofnunin óskar eftir nánari upplýsingum varðandi fráveitukerfið. Nákvæm virkni fráveitukerfisins er óljós og vantar t.d. upplýsingar um hita fráveituvatnsins þegar það er leitt í fituskilju þar sem hiti vatnsins skiptir miklu máli varðandi virkni hreinsunnar. Í greinargerð kemur fram að spilliefnum sé haldið frá frárennsli, upplýsingar vantar um

² [Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027](#)

³ [Áhrifamat fyrir vatnshlot](#)

hvernig það sé gert. Hafa þarf einnig í huga hvort að stækka þurfi mengunarvarnarbúnað við framleiðsluaukningu.

Upplýsingar vantar einnig um hvaðan vatnið kemur sem notað er í starfseminna, kemur það frá sveitarfélaginu eða úr borholum á lóð fyrirtækisins.

Stofnunin veltir því fyrir sér hvort ástæða sé til þess að setja fram mótvægisaðgerðir fyrir grunnvatn.

Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.

Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki varanlega né tímabundið.

Niðurlag

Umhverfis- og orkustofnun telur ólíklegt að hægt verði að eyða lykt alfarið frá starfsemi sem þessari. Rekstraraðili hefur komið með mótvægisaðgerðir í gegnum árin í samráði við stofnunina til að sporna gegn lyktarmengun frá starfseminni en hafa þær borið misjafnan árangur. Sú nýjasta er að setja upp lífsíu til lyktareyðingar frá vinnurými, en þeim frágangi er ekki lokið. Í því samhengi áréttar stofnunin að strangari kröfur verða gerðar til starfsemi rekstraraðila í samræmi við BAT í nýju starfsleyfi og skal rekstraraðili starfa samkvæmt þeim.

Vegna eðli starfseminnar bendir stofnunin á að ósamræmanleg landnotkun sem getur orðið fyrir áhrifum af lykt eins og frístundabyggð, íbúðabyggð, samfélagsþjónusta eða íþróttasvæði er ekki ákjósanleg í nærumhverfi rekstraraðila. Starfsemi sem þessi er nauðsynleg svo Ísland geti framfylgt skuldbindingum sínum í úrgangsmálum, þar sem bannað er að urða sláturúrgang og mun þörfin fyrir starfsemi sem meðhöndlar slíkan úrgang því einungis aukast.

Umhverfis- og orkustofnun mun gera kröfu um að fyrir liggi áhrifamat á vatnshlot við gerð starfsleyfis, í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Er það mat stofnunarinnar að mengun í formi ólyktar og ónæðið sem fylgt hefur starfsemi Orkugerðarinnar í gegnum árin megi teljast umtalsvert. Starfsemin hefur aldrei farið í mat á umhverfisáhrifum en þegar litið er til starfseminnar í heild, má segja að

umhverfisáhrifin af henni séu umtalsverð út frá eðli starfseminnar, sbr. lið 1. v. í 2. viðauka, laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfis- og orkustofnun telur því að starfsemi Orkugerðarinnar ætti í heild sinni að undirgangast umhverfismat, þar sem aukningin á framleiðslugetunni ein og sér sé ólíkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif umfram núverandi starfsemi.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Arnar Össur Harðarson

sérfræðingur